

Infliximab lyfjagjöf vegna gigtarsjúkdóms

Infliximab er í flokki líftæknilyfja sem draga nafn sitt af framleiðsluaðferð lyfsins, það er að lyfið er framleitt í lifandi frumum.

Infliximab er notað við bólgugigtarsjúkdómum eins og iktsýki, sóragigt og hryggikt og ýmsum öðrum sjálfsofnæmissjúkdómum.

Hvernig virkar infliximab?

Bólgugigtarsjúkdómar valda brenglun í ónæmiskerfinu t.d. þannig að ákveðnir bólguvakar verða of virkir. Tumor necrosis factor (TNF) er einn þessara bólguvaka. Lyfið infliximab hamlar virkni TNF og minnkar þannig bólgu.

Þegar lyfið er gefið vegna bólgugigtarsjúkdóms ætti að draga úr bólgum, eymslum og stirðleika. Það er einstaklingsbundið hversu fljótt árangur kemur fram. Sumir finna fyrir áhrifum strax eftir fyrstu gjöf meðan aðrir þurfa lengri tíma. Búast má við að full virkni sé komin fram í síðasta lagi 5-6 mánuðum eftir að meðferð er hafin. Infliximab gefur mjög góða til góða virkni hjá allt að tveimur af hverjum þremur sem fá lyfið.

Hversu lengi er lyfið gefið?

Ef vel gengur má reikna með að meðferðinni verði haldið áfram til lengri tíma. Ef meðferðin skilar ekki árangri innan 3-6 mánaða þarf að endurmeta hana.

Hafir þú verið einkennalaus í lengri tíma athugar gigtarlæknirinn þinn hvort mögulegt sé að lækka skammtinn af lyfinu eða lengja tímann milli gjafa.

Undirbúningur fyrir meðferðina

Áður en meðferðin getur hafist þarf ákveðinn undirbúning, sem er:

- Blóðsýni
- Lungnamynd
- Berklapróf
- Yfirfara bólusetningar

Rannsóknirnar eru gerðar til að útiloka duldar sýkingar eins og t.d. berkla eða lifrarsjúkdóma þar sem þessir sjúkdómar geta versnað eða vaknað upp við meðferðina.

Tímabókanir

Ritari hefur samband við þig til að bóka fyrstu tímana en síðan færð þú bókun í nýjan tíma við hverja komu. Það er mikilvægt að láta vita tímanlega ef þú getur ekki nýtt þér tímann sem þér hefur verið gefinn.

Ekki mæta í meðferð ef þú ert veik/ur eða á sýklalyfjum. Hafðu þá samband við deildina og þér verður úthlutaður nýr tími.

Undirbúningur fyrir lyfjagjöf

Mælt er með að hafa borðað mat og tekið hefðbundin lyf áður en komið er í lyfjagjöfina. Einnig er gott að hafa með sér smá nesti og teppi.

Hvernig fer meðferðin fram

- Lyfjagjöfin fer fram á göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma á Eiríksgötu 5, fyrstu hæð, eða á sjúkrastofnun í heimahéraði.
- Hjúkrunarfræðingur gefur lyfið í bláæð um æðalegg. Meðferðin byrjar á sex vikna hleðslutíma en á þeim tíma er lyfið gefið þrisvar sinnum.

1. lyfjagjöf Vika 0	2. lyfjagjöf 2 vikum eftir 1. lyfjagjöf	3. lyfjagjöf 6 vikum eftir 1. lyfjagjöf
-------------------------------	--	--

- Eftir það líða 8 vikur milli gjafa en þó getur gigtarlæknir ákveðið að stytta eða lengja tímann sem líður milli gjafanna.
- Hjúkrunarfræðingur og sjúkraliði fylgjast með líðan þinni á meðan á lyfjagjöf stendur og mæla blóðþrýsting og púls til að tryggja öryggi þitt.
- Fyrstu þrjú skiptin sem lyfið er gefið tekur innrennslið u.þ.b. tvær klst. fyrir utan annan undirbúning.
- Fyrstu tvö skiptin þarf að dvelja á deildinni í tvo tíma eftir að innrennsli lýkur til að fylgjast með líðan þinni.
- Í þriðju lyfjagjöfinni má fara heim strax eftir að innrennsli lýkur ef engin óþægindi hafa fylgt.
- Fjórða lyfjagjöfin tekur rúma eina klukkustund og helst þannig eftirleidis ef allt gengur vel.
- Þú ættir ekki að finna fyrir neinum verulegum óþægindum eftir lyfjagjöfina og þér er óhætt að keyra bíl strax eftir meðferðina.

Aukaverkanir

- Flestir þola infliximab meðferðina án umtalsverðra aukaverkana.
- Algengar aukaverkanir eru sýkingar eins og blóðrubólga, sýkingar í efri loftvegum og húðsýkingar. Auk þess finna sumir fyrir þreytu og flensulíkem einkennum daginn sem þeir fá lyfið.
- Þeim sem fá meðferð með infliximab getur verið hættara við að fá krabbamein í húð. Því er hvatt til þess að forðast beint sólarljós og nota góða sólarvörn utandyra.

Til athugunar

Mikilvægt er að fylgja þeirri skimun sem almennt er mælt með svo sem myndatöku af brjóstum, leghálsstroki, ristilspeglun og reglulegri blettaskoðun hjá húðlækni.

Í fylgiseðli lyfsins og í sérlyfjaskrá eru yfirgripsmiklar upplýsingar um þær aukaverkanir sem hafa verið skráðar um lyfið.

Ofnæmisviðbrögð

Alvarleg ofnæmisviðbrögð eru mjög sjaldgæf en þau krefjast alltaf meðhöndlunar læknis.

Leitaðu tafarlaust læknishjálpar ef þú færð einhver af eftirfarandi einkennum:

- Öndunar- eða kyngingarerfiðleika.
- Þrota í andlit, tungu, varir eða háls.
- Sundl eða svima sem getur verið merki um lágan blóðþrýsting.
- Verulegan kláða í húð ásamt rauðum útbrotum.

Í neyðartilfellum er hringt í 112

Eftirfylgd

Mikilvægt er að eiga ávallt bókaðan tíma hjá þínum gigartækni til að hægt sé að meta árangur og öryggi lyfjagjafarinnar. Lyfið er leyfis skylt og gigtarlæknirinn þarf að sækja reglulega um leyfi fyrir meðferðinni til lyfjanefndar, yfirleitt fyrst eftir sex mánuði og svo árlega.

Akstur

Infliximab hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs.

Til athugunar

Segðu frá því að þú sért á meðferð með infliximab við komu til lækna, tannlækna, á bráðamóttöku eða við innlögn á sjúkrahús.

Skurðaðgerðir

Mikilvægt er að láta gigtarlækni eða hjúkrunarfræðing á göngudeild vita ef fyrirhuguð er skurðaðgerð eða inngrip hjá tannlækni. Einnig við húðflúr og spegla. Það getur þurft að gera hlé á meðferðinni þar til skurðsár er gróið, saumar hafa verið fjarlægðir og engin merki eru um sýkingu. Eftir það heldur meðferðin áfram eins og frá var horfið.

Bólusetningar

Ráðlagt er að allir sem eru á infliximab meðferð fari árlega í bólusetningu vegna influensu og fái bólusetningu við lungnabólgu áður en meðferð er hafin í samráði við gigtarlækni. Mælt er með því að tímasetja bólusetningu þannig að hún sé um tveimur vikum fyrir næstu gjöf. Þeir sem eru á líftæknilyfjum mega ekki fá ákveðnar tegundir bóluefna, svokölluð lifandi bóluefni. Hægt er að fá upplýsingar um tegundir bóluefnis hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi á göngudeildinni eða á heilsugæslu.

Á heimasíðu landlæknis eru upplýsingar um COVID bólusetningar:

<https://www.landlaeknir.is/um-embattid/grein/grein/item44635/onaemisbaelandi-lyf>

Infliximab og önnur lyf

Infliximab þolist yfirleitt vel með öðrum lyfjum og eru önnur gigtarlyf svo sem methotrexat gjarnan notuð samhliða infliximabmeðferð. Óhætt er að taka verkjalyf eins og ibuprofen og paracetamol þrátt fyrir meðferðina.

Meðganga og brjóstagjöf

Hætta á fósturskaða er ekki þekkt en ráðlagt er að ræða fyrirhugaðar barneignir við gigtarlækni m.t.t. lyfjagjafa og virkni sjúkdómsins.

Ferðalög

Þegar ferðast er til útlanda er ráðlagt að hafa meðferðis Evrópska sjúkratryggingakortið. Sótt er um það á sjukra.is.

Frekari spurningar

Ef þú ert í einhverjum vafa eða þig vantar frekari upplýsingar er þér velkomið að hafa samband við hjúrunarfræðing á göngudeildinni eða leggja skilaboð fyrir gigtarlækninn þinn.

Hafðu samband við göngudeild eða heilsugæslustöð ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Breyting á þvaglátum s.s. ef þau eru tíð, sárt er að pissa eða þvagið er gruggugt og illa lyktandi.
- Hósti, uppgangur eða þyngsli fyrir brjósti.
- Líkamshiti er hærra en 38,2°C.
- Breytingar á fæðingablettum á húð eða nýir koma fram.
- Roði, verkir og bólga í húð.

Í neyðartilfellum er hringt í 112

Símanúmer

Göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma er opin virka daga klukkan 8:00-15:00.

Skiptiborð Landspítala gefur samband við deildina, sími 543 1000.

Gagnlegar upplýsingar og vefsíður

Upplýsingar um aukaverkanir og virkni lyfsins er að finna á fylgiseðli þess.

Upplýsingar á vef dönsku gigtarsamtakana <https://danskreumatologi.dk/laegemidler/>

Dag- og göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma: <https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/deildir-og-thjonusta/gongudeild-gigtar-og-sjalfsofnaemis/>